
LOKSINS
Sandkorn
FYRSTA OG SÍÐASTA TÖLUBLAÐ
VETURINN
ULLABJAKK

LJÓÐ

# ÁSTIN.

ÁSTIN ER SEM RÓS
LIFNAR, SPRINGUR ÚT
OG DEYR AÐ REST,
NEMA AÐ HÚN SÉ ÞURRKUÐ
ÞÁ LIFIR HÚN ENDALAUS,
EÐA HVAÐ?

R,Ó. 19.01.1994.

# JÖRÐIN.

JÖRÐIN EYÐIST UPP
Á HVERRI MÍNÚTU, Á HVERJUM DEGI.
OG Á HVERJU ÁRI.
SYKURINN EYÐIST EINNIG UPP
EF HANN ER SETTUR Í VÖKVA,
ÞANNIG AÐ JÖRÐIN OG SYKURINN
ERU SÍFELLT AÐ VERÐA LÍKARI.

R,Ó. 19.01.1994.



R,Ó. 13.05.1994.

# LITA SIÐA



Binni: hann og Magga gifta sig og vera mjög hamingjusöm til ævi loka.

Bjössi: hann lýkur framhaldskóla og hittir voða skutlu og þau eignast tvo syni Bjössi eldri og Bjössi yngri.

Donni: Nær háskólaprófi í fuglafræði og verður heimsmeistari í skák og býr með Helenu í London.

Yngvi: Verður kennari og á þrjú börn yndisfallega konu vel staðsettur í Hafnafirði.

Íris: Íris verður húsmóðir á eina stelpu og frábæran mann sem er læknir og þau búa í Villu.

Dóra: Verður fatahönnuður mjög vinsæl hún vinnur hjá Kevin Clan í paris.

Diddi: Verður listamaður og býr nú með fyrverandi hjákonu sinni í frakklandi.

Stebbi: Verður ýkkt frægur rithöfundur gefur út 20 bækur allar ýkkt frægar.

Jórunn: Verður stolt okkar Íslendinga hún og hann Kristján Jóhannson syngja saman í Ítalíu.

Framhald á síðustu blaðsíðuni. →

VIÐ ÓSKUM RÆÐUKÖPPUNUM,
DICK, SNORRA, SIGURBJÖRGU OG JÖRUNNI
TIL HAMINGJU MEÐ GLÆSILEGAN SIGUR.
OG VONANDI HALDIÐ ÞIÐ TITTLINUM NÆSTA ÁR.

BLAÐANEFND.




Allir krakkarnir á leikskólanum voru með hárgel
í hárinu, nema Hrund hún var með brund.





# STJÖRNUSPÁR !



VATNSBERINN (20.JAN - 18.FEB) Þú munt hafa það betra næstu daga heldur en þú hefur haft það . en passaðu þig, ekki er allt sem sínist.



FISKARNIR (19. FEB-20.MARS ) Það voru ekki allir mjög ánægðir með þig eftir prófin:. Þú verður að fara að herða þig, því það fer að líða að stórum stundum.



HRÚTURINN ( 21. MARS- 19. APRÍL) Fjölskyldumál þín hafa ekki gengið sem best. Hafðu augun hjá þér eitthvað óvænt gerist í kvöld.



NAUTIÐ (20. APRÍL- 20. MAÍ ) Það þýðir ekki að hugsa um fortíðina og vorkenna sjálfum þér útaf einhverjum smá skyssum. Líttu frekar björtum augum á framtíðina.



TVÍBURARNIR (21.MAI-21.JÚNÍ) þú hefur verið undanfarna daga í dálitlu þunglyndi. Rífðu þig nú upp úr þessu móðursýkiskasti og og farðu að lifa lífinu eftir eigin höfði.



KRABBINN (22.JÚNÍ-22.JÚLÍ) Þú ert ekki í 100% traustum félagsskap. Finndu sjálfan þig og veldu rétt.



LJÓNIÐ (23.JÚLÍ-22.ÁGÚST) Þú gerir of miklar kröfur til fólks. Þú ert ekki ein(n) í heiminum. Vertu tilit(söm-samur) við aðra og veldu þér rétta vini.



MEYJAN (23.ÁGÚST-22.SEPT) Þú flaugst í gegnum síðustu próf, en passaðu þig að slaka ekki á og gefðu þér nógan tíma til þess að hugsa eftir þínu höfði.



VOGIN (23.SEPT-23.OKT) Þér hefur brugðið síðustu daga þegar þú hefur stigið á vigtina. Það ætti að jafna sig fljótlega vegna þess það þú hefur verið undir miklu álagi frá sumum.



SPORÐDREKINN (24.OKT-21.NOV) Þú hefur óþarfa áhyggjur, það er einhver búinn að bulla hræðilega mikið í þér. Hættu þessari ímundunarveiki.



BOGAMAÐURINN (22.NÓV-21.DES) Taktu ekki mark á öllum. Þú hefur mikið og gott sjálfstraust. Stattu fast á þínu þá færðu því framgengt.



STEINGEITIN (22.DES-19.JAN) Miklir vaxtaverkir eða beinverkir hafa verið að angra þig, en það mun standa stutt yfir hafðu engar áhyggjur. Vertu spar(samur-söm) á peninga því þú þarft mikið á þeim að halda innan tíðar.




Vissir þú......

Af hverju ljóskur falla alltaf á bílprófinu ?
Þær hoppa allaf í aftursætið á rauðu ljósi.



Af hverju ljóskur eru með marblett á naflanum?
Af því að ljóshærðir strákar eru líka heimskir.



Það voru einu sinni tvær ljóskur á
ferðalagi um Florida og ætluðu í Disneyworld.
Svo komu þær að skilti sem á stóð:
Walt Disney
left
Og þær snéru við og fóru heim!

# MYNDASÍÐAN!

Jón Freyr



FYRRUM NÖRD SKÓLANS.

Inga



LÁTTU MIG KJURT
ÉG Á MIG SJÁLFT
ÞAÐ VEX Á MIG TIPPI
OG ÉG ÞARF
HJÁLP!

Sibba



KOMDU TIL MÍN
KOMDU TIL MÍN...



HVER ER ÉG?

KATA



ÆI MÉR ER SVO ÍLLT.


HEY þú!
TAKTU MYND AF MÉR.
KONNÝ
SIGRÚN
SVALA


R.Ó. 13.05.1994.


HREFNA
ÓLAFÍA

# SPURNINGAR !

1) NAFN ?
2) HEIMILI ?
3) ALDUR ?
4) STARF ?
5) DRAUMAPRINS / ESSA ?
6) ERTU KINKY ?
7) ÁHUGAMÁL ?
8) DREKKUR ÞÚ LÝSI ?
9) Í HVERJU FERÐ ÞÚ ÞEGAR ÞÚ FERÐ Á BALL EÐA DISKÓTEK ?
10) MEÐ HVERJUM / HVERRI MYNDIR ÞÚ VILJA FARA Í BAÐ ?
11) UPPÁHALDS TEIKNIMYNDAFÍGÚRA ?
12) HVAÐA FRÆGU PERSÓNU MYNDIR ÞÚ VILJA HITTA ?

1) SNORRI SNORRASON .
2) ÁSABRAUT 9 .
3) 15. ÁRA .
4) NÁM.
5) HELENA .
6) HÆTTULEGA .
7) SKÁK , TÓNLIST , STELPUR ( HELENA) , SKÍÐI .
8) NEI .
9) SVÖRTU OG RAUÐU .
10) HELEU .
11) KALLINN Á LÍNUNNI .
12) ELVIS PRESTLEY OG MICELLE PIFLNTER



1) HARPA SIF SÆVARSDÓTTIR .
2) ÁSABRAUT 13.
3) 14. BRÁÐUM 15.
4) NÁM.
5) FEITUR , SVEITTUR, LOÐIN, SUBBULEGUR GAMALL KARL.
6) ALVEG ROSALEGA.
7) VINKONUR MÍNAR OG SVEITTIR STRÁKA )
8) TEK LÝSISTÖFLUR.
9) BLEIKUM BALLKJÓL.
10) SJÁLFRI MÉR.
11) JÓKI BJÖRN.
12) BRAD Í NÁGRÖNNUM.

1) VALÞÓR ÁRNASON.
2) HOLTSGÖTU 25.
3) NÁM.
4) 13 ÁRA.
5) AÐALHEIÐUR Í 8. K.A.
6) KÖRFUBOLTI,SNÓKER OG HANDBOLTI.
7) JÁ.
8) NEI
9) JAKKAFÖTUM.
10) AÐALHEIÐI.
11) BAKMAN.
12) MICHAEL JORDAN.



1) ÓLAFÍA ÁSGEIRSDOTTIR.
2) HÓLAGATA 13.)
3) 15 AÐ VERÐA 16.
4) NÁM.
5) HÁR,DÖKKHÆRÐUR,FALLEG BRÚN AUGU OG MEÐ MJÖG GÓÐAN HÚMOR .
6) FREKAR .
7) TÓNLIST,ÉTA,KJAFTA OG HORFA Á M.T.V.
8) JÁ.
9) Í KJÓL OG HERMANNAKLOSSUM.
10) TAKE THAT EÐA KANNSKI BARA ROBBIE.
11) BEVIS AND BUTT-HEAD.
12) ALLA Í EAST-17 OG TAKETHAT BEVELY HILLS.

10. bekkur var að fá niðurstöðurnar úr samræmdu prófunum, sem gekk hræðilega. Baldur reifst og skammaðist í krökkunum og að lokum segir hann: "Þetta gengur ekki lengur! Við verðum að byrja upp á nýtt. Hann tekur upp bók af borðinu og segir: Þetta er bók! Þetta er bók! Heyrist þá úr hópnum EKKI SVONA HRATT MAÐUR........

# BRANDAR!

Nonni: Hvað gafst þú tengdamömmu þinni í jólagjöf?
Lúlli: Ég gaf henni rosalega flottann stól.
Hún vill ekki leifa mér að stinga honum í samband.

Hvað sagði ljóskan þegar hún sá tígrisdýrabatteríið?
Svar: nei... tígrisdýr í niðursuðudós.

Hvað sagði ljóskan þegar hún sá Cheerios hringinn?
Svar: nei... kleinuhringjafræ.

Hvers vegna klifraði ljóskan yfir glervegginn?
Svar: til þess að sjá hvað væri hinumeginn.

Einu sinni voru hjón sem voru að fara á ball. Þau voru mjög fín. Maðurinn var í smóking.Svo þegar þau komu og konan var að borga inn þá hjlóp maðurinn heim til sín og kom aftur í gallabuxum og skyrtu. Þá sagði konan:Af hverju skiptiru um föt.Þá benti upp og sagði:Það stendur NO SMOKING.

Skotinn var í gönguferð með syni sínum.Þá sagði skotinn:Í hvaða skóm ertu drengur minn?Spariskónum.Reyndu þá að taka stærri skref strákur.

HA

HA

HA!



# Farvel 10. b.

Gledilegt Sumar!

# Ljúft líf hjá Páli Óskari!

**Nafn ?** Páll Óskar Hjálmtýsson.

**Fæðingardagur og ár ?** 16.03.70 F.Í Reykjavík.

**Hæð ?** 1.82.

**Þyngd ?** 72 kg á veturna en léttari á sumrin.

**Foreldrar ?** Hjálmtýr Hjálmtýsson, bankamaður og Margrét Mattíasdóttir, ritari á geðdeild Landsspítala.

**Systkyni ?** Yngstur af 7 og þau eru í aldursröð: Ásdís, Sigrún, Linda, Matti, Hanna, Steina og Addi Gunni.

**Áhugamál ?** Fyrst og fremst: Vinnan mín, tónlist, bíóferð og að eyða peningum.

**Eftirlætis matur ?** Að upplagi borða ég mjög óhollan mat, mikið af pitsum, pítum og hamborgurum. En uppáhaldið er hamborgarahryggur í rauðvínsósu + allskonar exótískur matur.

**Eftirlætis drykkur ?** Kók.

**Eftirlætis skemmtistaður ?** Tunglið, eins og það var í mars 1993. Aldrei skemmt mér betur.

**Eftirlætis veitingahús ?** Síam á skólavörðustíg.

**Draumahús ?** Ég vildi óska þess að ég ætti stórt leikhús- eða kvikmyndahús og ég gæti búið í því.

**Draumabíll ?** Lukkubíllinn minn.

**Eftirlætis leikarar ?** Ég sá hús andanna og þar voru samankomnir Meryl Streep, Glenn Close, Veremy Irons, Wyona Ryder og fleiri leikarar sem er bara hollt og gott að horfa á !

**Eftirlætis söngvarar ?** Dusty Springfield, Karen Carpenter og svo Dione !

**Er annar diskur í smiðum ?** Kannski kemur út diskur með með mér og milljónamæringunum í sumar, og svo kannski eitt hard core danslag á safnplötu.

**Hvernig varstu sem barn ?** Algört nörd.

**Gætir þú hugsað þér að búa annars staðar en á Íslandi ?** Já, ég þrífst best í stórborgum eins og London eða New York. Svo væri auðvitað frábært að fara til Japan eða Asíulanda í ferðalag.

**Hvernig finnst þér unglingar vera í dag ?** Þeir eru kannski ekkert öðruvísi en þeir voru fyrir 30. árum síðan, nema hvað þeir geta tekið þátt í svolítið bráluðu lífshlaupi unglinga sem var ekki til fyrir svo löngu. Annars eru unglingar á svo miklu spítti að uppgötva nýja hluti á hverjum degi og hugsa svo mikið af allskonar rugli að þetta er eiginlega ekki alveg tekið.

**Viltu segja eitthvað að lokum ?** Ég segi bara eins og Merlyn Streep sagði:Ekki óska þér dauðans, því hann kemur fyrr eða síðar. Lífið er svo frábært að maður á að njóta þess á meðan á því stendur. Ég ætla bara að eiga ljúft líf, sem ég ber sjálfur ábyrgð á .

PALLI



PALLI MEÐ SITT SÆTA BROS.



Guðlaug Palli og Thelma.



8. BEKKUR.





KRISTJANA

VISSIR ÞÚ.

Hvað ljóska með litað dökkt hár er kölluð?
Gervigreind.....



... MYND AF ... MÉR.

... VIÐ EKKI SÆT?! 8. Bekkur



HALLDÓRA!





ERUM SVO SEXY.



KONNÝ, SIGRÚN OG SVALA.

DÍSA SKVÍSA!



Ó, ÉG ER SVO ÞREYTT




JÓRUNN





Allir strákarnir á leikskólanum voru að reyna
við allar stelpurnar, nema Sísí, því hún var svo easy

Allir strákarnir á leikskólanum voru úti að
hjóla nema Þráinn, því hann var dáinn.

# Pétur Kristjánsson tekinn á beinið

Hver er það, myndi nú einhver spyrja. Ef það kveikir á perunni hjá einhverjum þá var það hann sem söng "Krókinn" með Stefáni Hilmarssyni stórpoppara.

Þegar við inntum hann eftir fullu nafni sagðist viðmælandi okkar heita Pétur Wigelund Kristjánsson. Pétur er ættaður úr Sandgerði, nánar tiltekið Syðstakoti og Reykjavík. Uppalinn er hann er í Reykjavík. Pétur er kvænttur Önnu Lind Skúladóttur og eiga þau þrjú börn. Íris 13 ára, Kristján 9 ára og Gunnar 5 ára.

Pétur hóf ferill sinn sem tónlistarbransanum 12 ára. Með tónlistinni stundið hann einnig íþróttir. Æfði hann t.d. fótbolta og handbolta með Fram.

Þegar matur er annars vegar er eftirlætis réttur Péturs saltkjöt og baunir og svínasteik.

Einstaka sinnum hefur Pétur næði til að sétjast niður og kvíla sig á amstri dagsins. Þá finnst honum mjög gott að sétja plötu með ZZ top undir nálina.

Pétur á engan eftirlætis hljómlistarmann en eftirlætis leikarinn hans er James Wood. Halldór Laxnes er hans eftirlætis rithöfundur.

Þegar við spurðum Pétur að því hvernig hann vildi helst hitta af öllum, var það John Lennon en eins og allir vita þá er hann dáinn. Þannig að það verður ekki að því fyrr en einhvern tíman seinna.

Eftirlætis málsháttur Péturs er: Þá sjaldan maður lyftir sér upp!

Um ungt hljómlistarfólk vildi Pétur segja þetta að lokum. Tónlistin er góð í dag og ég vil hvetja alla unga tónlistarmenn til dáða.

Þess má að lokum geta að Pétur er frændi Halla Valla í 7. Þ.B.T.

Við viljum að lokum þakka Pétri fyrir ánægjulegt samtal.

H.V.R

# Þrautir!



Hvaða karlmannsnöfn finnurðu út úr myndinni?

Steinn

Ketill

Bolli

Oddur

Hringur

Litríkasta húsið í Sandgerði.

nr 1 Grænt
nr 2 Rautt
nr 3 Blátt
nr 4 Gullt
nr 5 Grátt



Hvað er nafn stúlkunnar?




kleópatra

ebekka: Verður mjög frækkt skáld og ritstjóri hjá Vouge.

ga: Verður íþróttarkennari og giftist sjúkum töffara úr Landsliðinu.

ibba: Verður prófersór í dýrafræði og býr í danmörku í sinni höll.

lafía: Verður hálaunaður lögmaður býr í U.S.A. með vel vitrum dómara.

Kristjána: Verður hárgreiðslukona og Snyrtifræðingur og á sína stofu í Sandgerði hún giftis ríkum ekkil þau ættleiða þrjú sæt börn.

Hrefna: Verður mjög frægur grínisti, hún og Laddi búa saman í bænum.

Katrín: Verður prófesor í líffræði og málar í frístundum.

Ragna: Verður erobikkennari og býr með draumaprinsinum sínum.

# 10. BEKKJA FRAMTÍÐA STÖRF.

# SKÓLAREGLUR

1\.

NEMENDUM BER AÐ KOMA FRAM AF PRÚÐMENNSKU OG HÁTTVÍSI INNAN SKÓLA SEM UTAN.
ÞEIR EIGA AÐ HLÝÐA STARFSFÓLKI SKÓLANS OG SÝNA FYLLSTU KURTEISI.

2\.

NEMENDUR TEMJI SÉR GÓÐA UMGENGNI OG FORÐIST ÓÞARFA HÁVAÐA.
SNJÓKAST UPP AÐ SKÓLA ER BANNAÐ, SVO OG HJÓLREIÐAR Á LEIKVELLI.

3\.

NEMENDUR MÆTI STUNDVÍSLEGA Í SKÓLANN.
FJARVISTIR VEGNA VEIKINDA SKAL TILKYNNA Í SKÓLANN SVO FLJÓTT SEM AUÐIÐ ER.

4\.

NEMENDUR HAFI MEÐ SÉR NESTI SÉU ÞEIR LENGUR Í SKÓLA EN ÞRJÁR KENNSLUSTUNDIR SAMFELLT.
SÆLGÆTI, GOSDRYKKIR OG TYGGIGÚMMÍ ER BANNAÐ Í KENNSLUSTUNDUM.

5\.

NEMENDUR KOMI EKKI MEÐ PENINGA Í SKÓLANN AÐ ÞARFLAUSU.
SKILJIÐ EKKI ÚR EÐA ÖNNUR VERÐMÆTI EFTIR Í FÖTUM YKKAR Á GÖNGUM EÐA Í BÚNINGSKLEFUM.

6\.

NEMENDUR FARI VEL MEÐ BÆKUR OG ÁHÖLD SEM ÞEIR NOTA Í SKÓLANUM, MERKI ALLAR EIGUR SÍNAR, SVO SEM BÆKUR, TÖSKUR OG FATNAÐ.

7\.

KENNURUM OG ÖÐRUM STARFSMÖNNUM SKÓLANS BER AÐ KOMA FRAM VIÐ NEMENDUR AF FYLLSTU KURTEISI EINS OG HVER VIÐ ANNAN.

8\.

ÖLLUM ÁGREININGI SEM UPP KEMUR Í MÁLUM ÞEIM SEM REGLURNAR TAKA TIL SKAL VÍSAÐ TIL SKÓLASTJÓRA.

Gefið út í Grunnskólanum í Sandgerði af kennararáði

THE

END!